

Mætt eru : Ísólfur, Þorsteinn, Valdimar, Heiðadís, Kristján, Sigríður Ásta og Elisabeth

Fundur settur 18:00

Heiðadís Fjeldsted - Varaformaður - samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Oddur - Gjaldkeri - samþykkt samhljóða

Elisabeth Ýr M. - Ritari – Samþykkt samhljóð

Ísólfur Ó. - Meðstjórnandi.

Fyllt var út eyðublað fyrir RSK er varðar breytingu stjórnar og hlutverkum.

Færsla dómskúrs, fá Reyni Magg til þess að koma með gröfu til þess að grafa holur fyrir steypubítana. Ákveðið hefur verið að hífa skúrinn á sinn stað og festa hann fyrir veturinn, og þegar það fer að hlýna er svo tekin loka ákvörðun um framtíð skúrsins, stefnan er að klára þetta um næstu helgi.

Farið var yfir fundargerð frá síðastliðnum aðalfundi og lagað minniháttar villur.

Rætt var um stöðu nefndar og dagskrá þeirra, drög eru kominn á dagskrá frá Æskulýðsnefnd og mótinn raðast á dagatal í vikunni.

Fundi slitið 19:13